



Landsmálafélagið Vörður býður Bjarna Benediktsson til fundar í Kaupþingssalnum 27. apríl 1942

Bjarni Benediktsson – Landsmálafélagið Vörður býður Bjarna Benediktsson til fundar í Kaupþingssalnum 27. apríl 1942

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-8, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 23/4 1942.

Hr. *Laugavegur, Bjarni Benediktsson,*
Laugavegur 6b

Stjórn Landsmálafélagsins "Varðar", leyfir sér hér með, að bjóða yður á fund í Kaupþingssalnum, mánudaginn 27 þ.m. kl. 8 1/2 e. h., þar sem rætt verður um kjördæmamálið, einkum með hliðsjón af þeirri tortryggni, sem skapast hefur í sambandi við þetta mál hér í bænum, og þá sérstaklega vegna þingsályktunartillögu Hr. Gísla Sveinssonar, alþingismanns.

Stjórn Varðarfélagsins hefur þótt nauðsyn til þessa, að stjórnir Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, fulltrúaráðs þeirra, miðstjórn og þingmenn flokksins, kæmu saman á fund áður en málið yrði tekið fyrir á almennum flokksfundi.

Fundurinn verður haldinn fyrir lokuðum dyrum, og ekki öðrum veittur aðgangur en ofanrituðum aðiljum.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Varðarfélagsins,

S. M. Pálsson.
form.

A. G. Þorvar.